

	Áfanganúmer: FÉLA3KR09
	Prep: 3
	Einingar: 9
	Forkröfur: FÉLA2AA10
	Lýsandi heiti: Félagsfræði og afbrotufræði. Kenningar og rannsóknaraðferðir.

Áfangalýsing:

Bornar verða saman eigindlegar og meginindlegar rannsóknir og tengsl þeirra við kenningar. Nemendur fá þjálfun í að beita rannsóknaraðferðum og fylgja vísindalegu rannsóknarferli þar sem áhersla verður lögð á aðferðarfræðileg og siðferðisleg vandamál tengd rannsóknum í félagsvísindum. Meginmarkmið áfangans er að auka áhuga, þekkingu og skilning nemenda á kenningum og rannsóknaraðferðum til þess að þeir verði færir um að meta, taka afstöðu til og fjalla á gagnrýnninn hátt um rannsóknir félagsvísindamanna og beita þeim í nokkrum mæli. Farið í helstu kenningar afbrotufræðinnar, upphaf og þróun. Lögð áhersla á að nemendur fjalli á gagnrýnninn hátt um álitamál er tengjast frávíks og afbrotahegðun og viðbrögðum samfélagsins við þeim til dæmis hvaða frávik teljast afbrot og hver ekki, refsingar og viðurlög.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- meginindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum
- samvirkni-, samskipta- og átakasjónarhornum afbrotufræðinnar
- helstu hugtökum afbrotufræðinnar, s.s. frávik, stimplun og félagslegt taumhald
- helstu tegundum frávika og afbrota
- aðferðum sem samfélög beita og hafa beitt til að taka á afbrotum
- sérstöðu afbrotufræðinnar og skyldleika hennar við aðrar greinar félagsvísinda

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tengja saman rannsóknarniðurstöður og kenningar
- beita kenningum á mismunandi viðfangsefni
- beita hugtökum á mismunandi viðfangsefni
- beita rannsóknaraðferðum á mismunandi viðfangsefni
- taka fræðilega afstöðu til samfélagslegra álitamála

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sjá félagsleg hugðarefni út frá mismunandi kenningarlegum sjónarhornum
- geta lagt mat á rannsóknir í félagsvísindum
- leggja mat á hvaða rannsóknaraðferðir henta best við mismunandi aðstæður og á mismunandi rannsóknarefni
- geta metið eigið vinnuframlag og annarra
- geta sett fram þekkingu sína í ræðu og riti

Mat á hæfniviðmiðum
• þátttaka í tímum • skil á leshugleiðingum og verkefnum • hópavinna • vinna að félagsfræðilegri rannsókn